

byrjaður mánuður talinn sem heill í þessu sambandi. Þó mega dráttarvextir þessir ekki vera hærri en Seðlabankinn ákveður þá hæsta fyrir sambærilegar skuldir.

23. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabréfa geta gegn framvísun þeirra fengið greidda vexti, afborganir og vísitöluuppbætur af þeim á hinum ákveðna gjalddaga í skrifstofu veðdeildarinnar.

24. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar og getur þá bankastjórnin krafizt þess með auglýsingu, að handhafi bréfsins gefi sig fram innan 4 mánaða. Auglýsingin skal birt þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. Um ógildinguna annarra glataðra bankavaxtabréfa fer eftir almennum reglum.

25. gr.

Þegar lán er gjaldfallið, hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð til fullnustu á láninu, allt án undangengis dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, um lögræði, og lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram á skrifstofu uppboðshaldara.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19 frá 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. maí 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Hjálmar Vilhjálmsson.

1. júní 1965.

Nr. 118.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Ísafjarðar, nr. 4 í auglýsingu nr. 45
20. marz 1957.

Aftan við 6. gr. samþykktarinnar bætist nýr liður, C., svo hljóðandi:

Samlagið greiðir helming sjúkraflutnings samlagsmanna til sjúkrahúss, þó því aðeins, að samlagslæknir ráðleggi flutninginn hverju sinni.

Framangreind breyting á samþykktum Sjúkrasamlags Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 119.

31. maí 1965.

REGLUGERÐ

um launaskatt.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Greiða skal almennan launaskatt, eins og nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari. Skatturinn nemur 1% — einum af hundraði — af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

2. gr.

Launaskattur greiðist með þrennu móti:

- a. Ársfjórðungslega samkvæmt ákvæðum 1. málsg. 12. greinar
- b. Hálfárslega samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 12. greinar.
- c. Einu sinni á ári samkvæmt ákvæðum 17. greinar.

II. KAFLI

Um skattskyldu.

3. gr.

Skattskyldir samkvæmt reglugerð þessari eru allir launagreiðendur, svo sem einstaklingar, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar, sem greiða laun eða hvers konar þóknunir fyrir starf, nema undanþegnir séu skv. 5. gr. Enn fremur hver sá, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða stundar sjálfstæða starfsemi.

4. gr.

Hver sá, sem tekur að sér framkvæmd verks á eigin ábyrgð, svo sem skipasmíðar, húsbýggingar og aðrar mannvirkjagerðir, skal standa skil á launaskatti, bæði vegna launa hans sjálfs, ef um persónulegan aðila er að ræða, og þeirra manna, er hann greiðir kaup.

Í þeim tilfellum, þar sem vafi kann að leika á, hvort um var að ræða verksamning eða vinnusamning, skal sá aðilinn, sem á að greiða tryggingaiðgjöld vegna launþega skv. 28. gr. og 40. gr. laga nr. 40/1963, standa skil á launaskatti af launum þeirra manna, sem hann greiðir tryggingaiðgjöld fyrir. Þó skal launaskattur vegna launa sjálfseignarvörubifreiðastjóra lagður á þá, sem greiða fyrir afnot bifreiðarinnar.

Nú stundar sjálfseignarvörubifreiðastjóri einnig flutningastarfsemi með aðkeypri vinnu, og skal hann þá greiða launaskatt af launum, sem hann greiðir öðrum en sjálfum sér.